

Sp.

457. Tillaga til þingsályktunar

[240. mál]

um sumarvinnu unglunga.

Flm.: Jónas Árnason, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að auðvelda sveitarfélögum að sjá unglungum fyrir vinnu á sumri komanda með því að leggja fram til skipta handa þeim allt að 20 milljónir króna í þessu skyni gegn jafnháum framlögum frá sveitarfélögum.

Greinargerð.

Í vor mun fleira fólk en nokkru sinni fyrr koma út úr skólum landsins.

Samkvæmt meðfylgjandi yfirliti frá Fræðslumálaskrifstofunni eru nú skólánemendur á aldrinum 13—20 ára rúmlega 20 þúsund talsins. Hér er átt við nemendur unglunga- og gagnfræðaskólanna, menntaskólanna, Kennaraskólans og Verzlunarskólans að viðbættum ungmennum á umræddu aldursskeiði, sem stunda nám við ýmsa aðra skóla, svo sem iðnskóla, tónlistarskóla, Handíða- og myndlistarskólann, Tækniskólann o. fl. Allmargir nemendur þessara síðastnefndu skóla munu komnir yfir tvítugsaldur, og þegar þeir bætast við, svo og háskólastúdentar og sá fjöldi annars námsfólks, sem komið er yfir tvítugsaldur, reynist heildartala Íslendinga, sem nú stunda skólanám eftir barnaskólastig, vera tæplega 30 þúsund.

Allur þorri þessa fólks verður að fá einhverja vinnu í sumar. En hinn „almenni vinnumarkaður“, sem svo er nefndur, mun að öllu óbreyttu ekki geta tekið við nema nokkrum hluta þessa vinnuafis, og hinir eldri munu þar af ýmsum augljósum ástæðum ganga fyrir. Unglingarnir verða frekar settir hjá. Sá vandi, sem æ fleiri foreldrar hafa átt við að stríða á undanförunum árum, að útvega börnum sínum vinnu yfir sumarmánuðina, virðist því munu geta orðið meiri á þessu ári en nokkru sinni fyrr.

Þessi vandi er að sjálfsögðu mestur í höfuðborginni. En hann er einnig mikill í flestum kaupstöðum og kauptúnum landsins. Raunar hefur allvíða verið skipulögð sérstök unglungavinna á sumrin. Alloft mun þessi vinna þó hafa verið næsta tilgangslítill og ekki vel til þess fallin að þroska unglungana. Það er hæpið uppeldi að láta unglunga hengslast við störf, sem þeir finna að eru aðeins málamynduð, en gera engar kröfur til þeirra sem fullgildra einstaklinga.

Þegar á allt er litið, verður ljóst, að mikið skortir á, að málum þessum sé sinnt sem skyldi. Veldur þar mestu, að fjárhagur flestra sveitarfélaga er of naumur til þess, að þau geti af eigin rammleik látið verulega til sín taka á þessu sviði. Ríkið verður því að hlaupa undir bagga. Enda er hér um að ræða uppeldismál, náskylt þeim málum ýmsum, sem sjálfsagt er talið að ríkið beri fjárhagslega ábyrgð á, svo sem skólamálum.

Þó að sú upphæð, sem hér er lagt til að rikissjóður láti af hendi rakna í þessu skyni, sé svo sannarlega enginn obbi, getur hún án efa orðið til mikils gagns, þegar á móti koma jafnhá framlög frá sveitarfélögunum sjálfum. En flm. vilja taka skýrt fram, að það, sem fyrir þeim vakir, er, að fé þessu verði varið til verkefna, sem ekki aðeins forði unglöngunum að nafninu til frá iðjuleysi og tryggi þeim einhver gustukalaun, heldur auki þeim einnig reynslu og þroska.

Fylgiskjal.

Yfirlit um nemendafjölda veturinn 1970—71.

G. Gagnfræðastigsskólar:

	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	Samtals
Unglingaskólar	798	590					1388
Miðskólar	197	245	236				678
Héraðsskólar	81	196	512	229	15		1033
Skólar gagnfræðastigsins í Rvík ..	1619	1602	1637	779	177	36	5850
Gagnfræðaskólar utan Rvíkur	1790	1753	1714	1018	158	17	6450
Samtals í gagnfr.stigssk.	4485	4386	4099	2026	350	53	15399

F. Aðrir framhalds- og sérskólar:

Húsmæðraskólar	um 409
Bænda- og garðyrkjuskólar	121
Iðnskólar	2052
Matsveina- og veitingaþjónaskólinn	104
Vélskóli Íslands	290
Tækniskóli Íslands	243
Sjómannaskólar	217
Hjúkrunar-, ljósmæðra-, fóstur- og gæzlusustraskólar	347
Ýmsir sérskólar	392
Flugskólar	— 298
Íþróttaskólar	— 500
Námsflokkar, bréfaskóli og málaskólar	— 3207
Tónlistarskólar	3005
Leiklistarskólar og Listdansskóli Þjóðleikhússins	155
Myndlista- og handiðaskólar	672
Verzlunarskólar	812
Kennaraskólar	888
Menntaskólar	2717
Háskóli Íslands	1699

Samtals: um 18 128

G + F alls í framhalds- og sérskólum*)

— 33 527

Námsmenn við erlenda skóla voru í febrúar 1971 samtals ca. 1063, þar af 729 við háskólanám.

* Ath. Allmargir nem. munu tvítaldir, — einkum þeir, sem eru í námsflokkum, mála-, flug-, tón- og myndlistaskólum. Heildarfjöldi nem. er því nokkru lægri.